

A stylized graphic of an open book. The left page is a solid red color, and the right page is a dark maroon color. A white bookmark is visible on the right page. The text is centered on the pages.

Skýrsla starfshóps um
bókmenningsstefnu

2017

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Bókmenningarstefna.....	3
2 Aðgerðaráætlun.....	3
2.1 Miðstöð íslenskra bókmennta.....	3
2.2 Virðisaukaskattur.....	3
2.3 Stuðningskerfi rithöfunda.....	4
2.4 Námsefni.....	4
2.5 Útgáfa barnabóka með sérstöku tilliti til myndskreyttra bóka og léttlestrarbóka..	6
2.6 Auka kaup safna á bókakosti.....	6
2.7 Lestraruppeldissjóður.....	7
2.8 Hljóðbækur.....	8
Heimildaskrá.....	9

Inngangur

Starfshópurinn var skipaður þann 17. ágúst 2017 með bréfi mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfshópurinn skipuðu:

Kristrún Lind Birgisdóttir formaður,
Páll Valsson skipaður án tilnefningar,
Egill Örn Jóhannsson tilnefndur af Félagi íslenskra bókaútgefenda,
Kristín Helga Gunnarsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands,
Salka Guðmundsdóttir tilnefnd af Miðstöð Íslenskra bókmennta,
Jón Yngvi Jóhannsson tilnefndur af Hagþenki og
Sigurður Guðmundsson tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Starfshópur um mótun bókmenningsarstefnu kom saman á átta fundum. Með skipunarbréfi ráðherra var hópnum gert að móta bókmenningsarstefnu og skila tillögum um hvernig stuðningskerfi rithöfunda sé best háttað, námsbókaútgáfu, rafrænu námsefni og hljóðbókum, útgáfu barnabóka og kaupum safna á bókakosti.

Starfshópurinn sammæltist um það strax í upphafi að brýnt væri að bregðast fljótt við, enda var hópnum gefinn skammur tími til verksins og augljós vilji ráðherra að fá hugmyndir inn á sitt borð sem fyrst. Einróma var ákveðið að leggja áherslu á aðgerðir sem myndu styrkja íslenska bókaútgáfu, efla höfunda og tryggja öllum börnum aðgang að góðum bókum og námsefni.

Við mótun aðgerðaáætlunar nýtti hópurinn sér fyrirliggjandi gögn og greiningu á stöðu bókmenningsar. Stuðst var við „Skýrslu samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu (janúar 2014)“, „Bókmenningsarstefnu Félags íslenskra bókaútgefenda (2016)“, upplýsingar frá Barnabókasetri Íslands, Hljóðbókasafni Íslands og Félagi fagfólks á skólabókasöfnum auk fjölbreyttra gagna frá hagsmunaaðilum er tilnefndu fulltrúa í starfshópinn.

Starfshópurinn ákvað jafnframt að efna í meginmarkmið bókmenningsarstefnu sem nýtast myndu í áframhaldandi vinnu og frekari útfærslu en gætu þó staðið sem yfirlýst markmið stjórnvalda. Þau stefnumið og aðgerðir sem hér eru sett fram falla að menningarstefnu landsins en í henni er á greinargóðan hátt lýst því mikilvæga hlutverki íslenska ríkisins að tryggja öllum aðgengi að menningararfinum. Vandaðar bækur og námsefni, á hvaða formi sem er, veita börnum og fullorðnum hlutdeild í menningararfinum á fjölbreyttan máta. Það er von starfshópsins að þær aðgerðir sem hér eru nefndar komist sem allra fyrst til framkvæmda.

1

Bókmenningsstefna

Að Íslensk stjórnvöld líti á það sem yfirlýst hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreyttri útgáfu bóka og námsefnis á Íslensku, tungumáli lítillar þjóðar sem á sér ríka og dýrmæta bókmenningshefð. Brýnt er að tryggja að áfram megi fólk á öllum aldri læra, lesa og skapa á Íslensku. Ljóst má vera að tungumálið fær ekki dafnað nema rækt sé lögð við bókmenningu sem endurspeglar Íslenskan veruleika og opnar okkur einnig dyr út í hina víðu veröld.

- Að almenn skilyrði bókaútgáfu séu góð og yfirvöld gæti að því að Íslenskri bókaútgáfu sé búið hagfelld viðskiptaumhverfi.
- Að stutt sé myndarlega við bæði rithöfunda og útgefendur í gegnum þau stuðningskerfi og stofnanir sem þegar eru fyrir hendi.
- Að námsgagnaútgáfa verði eflld á öllum skólastigum í samræmi við gildandi menntastefnu og í takt við nýja tíma.
- Að börnum sé tryggður jafn aðgangur að bókum á skólabókasöfnum til yndislestrar og afþreyingar.

2

Aðgerðaráætlun

2.1 Miðstöð Íslenskra bókmennta

Starfsemi Miðstöðvar Íslenskra bókmennta er hornsteinn bókmennings og bókaútgáfu í landinu, en eitt af meginhlutverkum hennar samkvæmt lögum er að úthluta styrkjum til útgáfu innanlands sem og þýðinga á Íslensku og erlend mál. Auk þess styður miðstöðin við kynningu og útbreiðslu Íslenskra bókmennta erlendis og rennir þannig um leið styrkari stoðum undir innlenda bókmenningu. Miðstöð Íslenskra bókmennta er eini sjóðurinn sem útgefendur geta sótt í vegna útgáfu innlendra ritverka og skiptir meðal annars miklu að styrkir til útgáfu á stórvirkjum, fræðiritum og bókum sem hafa ótvírætt menningarlegt gildi verði eflldir verulega. Heildarútgáfustyrkir vegna Íslenskra ritverka námu 23.3 mkr. árið 2016 en þýðingar á Íslensku voru styrktar um 18 mkr.

Fjárhagslega hefur miðstöðinni verið afar þröngur stakkur skorinn, en framlag á fjárlögum er sama krónutala í ár og þegar miðstöðin var sett á stofn árið 2013 (92 mkr.). Jafnframt lækkaði framlagið umtalsvert milli ára 2013 og 2014 (úr 92 mkr. í 67 mkr.), sem kom mjög illa við bókaútgáfu og alla starfsemi miðstöðvarinnar. Á árinu 2015 hækkaði það í 87 mkr. en það var ekki fyrir en nú árið 2017 sem framlagið náði sömu krónutölu og 2013. Gert er ráð fyrir hækkingu í 103 mkr. samkvæmt fjárlögum ársins 2018, en dugur þó skammt, því nú er svo komið að til að tryggja Íslenskri bókaútgáfu traustari grunn og til að mæta auknum umsvifum miðstöðvarinnar á öllum sviðum - eftirspurn eftir Íslenskum bókmenntum erlendis, ört vaxandi fjölda styrkumsókna í öllum flokkum og fleira - þarf tafarlaust að efla miðstöðina.

Starfshópurinn leggur því til:

- Að miðstöðin verði eflld með að minnsta kosti 50% hækkingu á árlegu framlagi til hennar.

2.2 Virðisaukaskattur

Starfshópurinn vill gera tillögur frumvarps Lilju Alfreðsdóttur og fleiri þingmanna um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (afnám bótaskatts), að sínum, og áréttar að þessi breyting þolir enga bið. Öflug bókaútgáfa er einn af hornsteinum samfélagsins og gegnir mikilvægu hlutverki, bæði lýðræðislegu en ekki síst skiptir hún sköpum um vöxt og viðgang íslenskrar tungu. Dregið hefur verulega úr bóksölu á síðustu árum og velta íslenskra bókaútgefenda dróst saman að raunvirði um 19% samkvæmt tölum Hagstofunnar frá árinu 2008.

Starfshópurinn leggur því til:

- Að sölu bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, verði bætt við upptalningu 12. greinar laga um virðisaukaskatt á starfsemi sem ekki telst til skattskyldrar veltu. Í því felst að salan ber ekki útskatt, en eftir sem áður verði heimilt að draga frá innskatt. <https://www.althingi.is/altext/147/s/0104.html>.

Bókun: Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur efasemdir um að færsla virðisaukaskatts í 0% á allar bækur, innlendar sem erlendar, sé besta leiðin til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt; að verja íslenska tungu og efla útgáfu bóka á íslensku. Hann telur því rétt að samhliða úttekt á virðisaukaskattleiðinni verði skoðaðir mismunandi möguleikar til þess að auka með beinum hætti stuðning við bókaútgefendur og rithöfunda.

2.3 Stuðningskerfi rithöfunda

Starfshópurinn fjallaði um hvernig stuðningskerfi rithöfunda væri best háttað. Hópurinn var sammála um að stuðningskerfi rithöfunda væri almennt vel fyrir komið en að auka þyrfti verulega framlög til kerfisins og endurskoða og skerpa á nokkrum þáttum.

Starfshópurinn leggur til að:

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna:

- Sjóðurinn verði eflur með því að fjölga úthlutuðum launamánuðum verulega.
- Mánaðarlaun sjóðsins verði tengd við meðalmánaðarlaun háskólakennara.
- Skerpt verði á hlutverki sjóðsins og greint betur á milli hans og þeirra sjóða sem styrkja rannsóknir háskóla og rannsóknarstofnana.

Starfslaunasjóður rithöfunda:

- Sjóðurinn verði eflur með því að fjölga úthlutuðum launamánuðum verulega.
- Mánaðarlaun sjóðsins verði tengd við meðalmánaðarlaun háskólakennara.
- Hafa skal í huga að launasjóðirnir byggja á starfslaunum en ekki verkefnastyrkjum og er það grunnurinn að virkni þeirra.

Bókasafnssjóður er höfundum og þýðendum afar mikilvægur og í raun undirstöðuatriði í starfsumhverfi þeirra, ekki síst þeirra höfunda er skrifa fyrir börn og ungmenni. Sjóðurinn hefur verið óstöðug breyta í fjárlögum og upphæð hans frá ári til árs einhliða ákvörðun ríkisvaldsins. Því telur starfshópurinn að endurskoða ætti lög og starfsreglur sjóðsins er varðar úthlutun til höfunda og þýðenda með eftirfarandi hætti:

- Að hagsmunasamtök höfunda semji við ríkisvaldið um greiðslur að sænskri fyrirmynd og samið verði um fasta krónutölugreiðslu fyrir hvert útlán.

2.4 Námsefni

Starfshópurinn fjallaði um útgáfu námsbóka og hvernig henni væri best háttað. Verkefni grunnskólanna felst meðal annars í því að bjóða nemendum upp á fjölbreytt námsefni, bæði innlent og erlent, bækur jafnt sem rafrænt efni. Eðlilegt væri að gera skólum kleift að kaupa námsgögn af fleiri en einum aðila og láta hluta af því fjármagni sem nú fer til námsefnisútgáfu hjá Menntamálastofnun renna í námsgagnasjóð svo að grunnskólarnir geti sjálfir ákveðið hvaðan þeir kaupa námsefni. Við breytingar á menntastefnu þjóðarinnar með útgáfu nýrrar aðalnámskrár 2011 skapaðist enda krafa um gagngera endurskoðun á því námsefni sem til er og um nýtt, fjölbreytt efni.

Útgáfa námsbóka fyrir framhaldsskóla hefur verið í djúpri lægð undanfarin ár. Eftir styttingu framhaldsskólans er mikill meirihluti nemenda undir 18 ára aldri og á rétt á námi skv. lögum nr 92/2008 um framhaldsskóla. Því er eðlilegt að fræðsluskylda ríkisins nái einnig yfir það að útvega nemendum námsgögn. Slíkt fyrirkomulag myndi einnig leiða til aukinnar grósku í útgáfu námsefnis.

Snjalltæki og tölvur eru nú tæki sem nemendur á öllum skólstigum nýta daglega. Gríðarleg þörf er á aðgengilegu, fjölbreyttu og góðu stafrænu námsefni, leikjum og kennsluleiðbeiningum af öllu tagi á íslensku. Sú stefnubreyting sem sett er fram í aðalnámskrá grunnskóla 2011 krefst breytinga á kennsluháttum í nýju námsumhverfi. Þar er nemendamiðað nám með notkun fjölbreyttra námsefnismiðla sett í forgrunn. Fæstir þessara miðla eru tilbúnir né hafa verið þýddir og staðfærðir yfir á íslensku. Mikið efni er til á erlendum tungumálum og efling stafrænnar útgáfu námsefnis á íslensku mun án efa hafa jákvæð áhrif á stöðu íslenskrar tungu.

Starfshópurinn telur að ríkinu beri að sinna vel því lögbundna hlutverki sínu að stuðla að því að skólar hafi aðgang að góðu námsefni. Annarsvegar þarf að styrkja og efla rafræna námsefnisgerð og hinsvegar að stórauka það fjármagn sem skólar fá til kaupa á rafrænu námsefni. Þar að auki telur starfshópurinn að byggja þurfi upp rafræna innviði til þess að halda utan um og veita börnum landsins aðgang að því stafræna efni sem í boði er.

Starfshópurinn leggur til að:

- Hlutverk Menntamálastofnunar varðandi námsbókaútgáfu verði endurskoðað ásamt lögum um útgáfu námsgagna. Menntamálastofnun hafi yfirsýn yfir útgáfu námsgagna í gegnum rafræna gátt og tryggi framboð á námsefni sem skólar geti ekki nálgast á opnum markaði. Ennfremur renni hluti þess fjármagns sem nú fer í útgáfu námsbóka hjá Menntamálastofnun beint inn í námsgagnasjóð grunnskólanna svo að kennarar geti valið af hverjum þeir kaupa námsefni og námsgögn.
- Námsgagnasjóður grunnskóla verði efldur. Að verðgildi er námsgagnasjóður aðeins þriðjungur af stærð sjóðsins fyrir hrun. Sjóðurinn var rekinn af menntamálaráðuneytinu og skorinn niður um 50% árið 2009 en hefur frá 2011 verið á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem úthlutaði í fyrsta sinn úr honum árið 2012. Skólarnir nýta sjóðinn fyrst og fremst til að kaupa forrit, vefáskriftir, spil og bækur en bókakaup hafa numið um 50-60%. Á yfirstandandi skólaári, 2017, eru 54 milljónir í námsgagnasjóði samanborið við 100 milljónir árin 2007 og 2008. Vísitöluhækkunar einar sér hefðu átt að skila sjóðnum 158 milljónum.
- Rafrænni menntagátt verði komið á laggirnar. Yfirvöld menntamála stuðli að því að komið verði á rafrænni menntagátt þar sem allir útgefendur, kennarar, nemendur og einstaklingar geti komið námsefni á framfæri. Í gáttinni hafi yfirvöld menntamála góða yfirsýn yfir það efni sem í boði er.
- Samkomulag verði gert um einn netaðgang að menntagátt. Menntamálastofnun verði falið að hefja samtal á milli ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila, m.a. höfunda og annarra rétthafa, um svæði til að hýsa rafræna útgáfu námsefnis. Hin rafræna menntagátt geri ríki og sveitarfélögum kleift að greiða fyrir aðgang barna á skólaaldri að fjölbreyttu námsefni af öllum toga; rafbókum, stafrænum námsleikjum, ítarefni og öðrum námsgögnum.

- Þróunarsjóður námsgagna verði stórefldur til að styðja við nýsköpun í gerð námsefnis fyrir öll skólastig. Endurskoða þarf reglur um sjóðinn og starfshætti hans til að tryggja að sem mest af styrkfé nýtist til að þróa og útbúa námsefni sem er aðgengilegt sem flestum skólum, kennurum og nemendum. Sett séu skýr skilyrði fyrir því að þau verkefni sem hljóta styrk verði gefin út og/eða gerð aðgengileg í menntagátt. Sjóðurinn veitir styrki bæði til höfunda og útgefenda; skilvirkara væri að skipta sjóðnum þannig að höfundar og útgefendur fengju stuðning sitt í hvoru lagi og þannig mætti einnig koma í veg fyrir árekstra þessara aðila.
- Nýsköpun og rafræn útgáfa námsefnis. Tryggt verði að fé sé úthlutað til nýsköpunar og rafrænnar útgáfu námsefnis og málaflokknum sinnt af festu. Íslenskir leik-, grunn- og framhaldsskólar sitja eftir þegar kemur að góðu rafrænu námsefni. Notkun á erlendu námsefni gerist sífellt algengari og þá óhjákvæmilega á kostnað íslenskrar tungu og málumhverfis.
- Ókeypis námsgögn fyrir öll börn. Námsbækur og önnur námsgögn í framhaldsskólum verði nemendum upp að 18 ára aldri að kostnaðarlausu, en ríkið og eftir atvikum skólarnir sjálfir kaupi inn námsgögn af útgefendum og höfundum

2.5 Útgáfa barnabóka með sérstöku tilliti til myndskreyttra bóka og léttlestrarbóka

Starfshópurinn fjallaði um útgáfu íslenskra barna- og unglingsbóka með sérstöku tilliti til myndskreyttra bóka og léttlestrarbóka, en bækur af þeim toga leika gríðarlega mikilvægt hlutverk í lestraruppeldi yngstu hópanna. Lykillinn að lesskilningi er málþroski barnsins fyrstu árin, þá einkum orðaforði. Eigi börn að ná góðri færni í læsi, einum grunnþátta menntunar samkvæmt aðalnámskrá, skiptir sköpum að þau hafi aðgang að vönduðum, myndskreyttum bókum og léttlestrarefni er hæfir aldri og getu. Brýnt er að ala upp nýja lesendur með bókum úr íslenskum veruleika og jafnframt að efla útgáfu vandaðra erlendra barnabókmennta í íslenskri þýðingu.

Enginn sjóður er eyrnamerkur útgáfu myndskreyttra barnabóka en er slík útgáfa þó hlutfallslega afar dýr, þar sem prentkostnaður vegur þungt. Því væri eðlilegt að Miðstöð íslenskra bókmennta sæi um úthlutun sérstakra styrkja til útgáfu myndskreyttra barnabóka á faglegum grundvelli, enda hefur stjórn miðstöðvarinnar m.a. á stefnuskrá sinni að auka veg barna- og ungmennabóka með öllum ráðum og miðstöðin sér um úthlutun annarra styrkja til bókaútgáfu í landinu. Einnig er mikilvægt að hvatt sé til þess að nýta möguleika stafrænnar og gagnvirkar tækni í barnabókaútgáfu og ekki síst útgáfu léttlestrarefnis.

Starfshópurinn leggur því til:

- Að Miðstöð íslenskra bókmennta styrki sérstaklega útgáfu myndskreyttra bóka fyrir börn enda verði starfsemi miðstöðvarinnar almennt stórefld með auknum fjárframlögum.

2.6 Auka kaup safna á bókakosti

Starfshópurinn fjallaði um hvernig auka mætti innkaup skólabókasafna og tryggja öllum börnum aðgang að fjölbreyttum og spennandi bókakosti óháð búsetu, félagslegum aðstæðum og efnahag foreldra.

Eitt af meginverkefnum grunnskólans er að kenna börnum að lesa, nýta og njóta íslenskra bókmennta. Áreiti samfélagsmiðla og afþreyingaveita er helsta samkeppnin við bókina en ótal rannsóknir sýna að tengsl eru milli lestraráhuga og árangurs í lesskilningi. Lesskilningur var meginviðfangsefni PISA-prófanna 2009 og munurinn á árangri barna sem lásu daglega utan skóla og hinna bóklausu samsvaraði allt að einu og hálfu skólaári. Efling barna- og unglingabókaútgáfunnar er því einhver skilvirkasta menntunarfjárfesting sem samfélagið getur ráðist í.

Skólasöfnin gegna lykilhlutverki í lestraruppeldi grunnskólanemenda en mikið vantar upp á að þau geti sinnt því af krafti. Söfnin urðu fyrir harkalegum niðurskurði á árunum eftir hrún. Framlög til bókakaupa lækkuðu að meðaltali um 50%, sums staðar hurfu þau alveg árið 2009, en mjökuðust lítillega upp á við næstu tvö árin. Í meðalskóla með 400-450 nemendur var algengt að safnið hefði í kringum 700-750.000 krónur til bókakaupa 2007 en um 350.000 krónur 2011.

Á sama tíma hækkaði verð á barnabókum um 28% og raunverulegur samdráttur í bókakaupafé því miklu meiri en krónutölur segja til um. Varlega áætlað gat dæmigert safn keypt 125-130 færri bækur á ári, yndislestur mætti afgangi og erfiðara varð að finna lesefni við hæfi. Unglingabókakaup drógust mest saman, en unglingarnir lásu minnst fyrir og lágu best við höggi.

Safn sem hafði fengið hækkun upp á 7,5% eða 25.000 krónur síðan 2011 fékk 355.000 árið 2015. Ef reiknað er með vísitölubreytingum hefði framlagið átt að vera um milljón til að samsvara framlagi fyrir hrún. Starfshópurinn setur hér fram tillögu að aðgerðum sem ráðast má tafarlaust í til að takast á við uppsafnaðan og alvarlegan vanda. Einnig hvetur hópurinn til þess að við langtíma stefnumótun verði sérstaklega skoðuð sú metnaðarfulla innkaupastefna sem Norðmenn hafa mótað fyrir skólabókasöfn sín.

Starfshópurinn leggur til:

- Að námsgagnasjóður verði stórefldur og skipt í þrjá sjóði:
- Skólabókasafnssjóð sem úthluti peningum til grunnskóla sem eingöngu eru ætlaðir til kaupa á bókum fyrir skólabókasöfn. Lágmarksviðmið við úthlutanir úr sjóðnum verði ein ný bók á hvern nemanda á ári.
- Lestarruppeldissjóð.
- Námsgagnasjóð.

2.7 Lestarruppeldissjóður

Rannsóknir sýna að heimsóknir rithöfunda í skóla hafa mikil og jákvæð áhrif á lestraráhuga nemenda en verulega dró úr slíkum viðburðum vegna niðurskurðar til skólasafna eftir hrún. Slíkar heimsóknir hafa iðulega verið farnar í sjálfboðavinnu höfunda eða verið greiddar af takmörkuðu bókakaupafé skóla en ættu að teljast læsishvetjandi verkefni samkvæmt áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um eflingu læsis. Hvatning til lestrar er enda ein af forsendum þess að börn nái færni í læsi samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Mikilvægt er að öll börn á landinu fái notið lestrarhvatningar af þessum toga, óháð búsetu eða fjárhagsstöðu heimabyggðar, en nú er svo komið að sum börn upplifa eina eða tvær höfundaheimsóknir á ári en önnur aldrei á allri sinni skólagöngu.

Starfshópurinn leggur því til:

- Að komið verði á fót lestraruppeldissjóði sem tryggi hverjum skóla lágmarksfjölda höfundaheimsókna á ári, óháð stærð skóla eða efnahag viðkomandi sveitarfélags. Um 20 milljónir þyrfti að leggja í sjóðinn til að byrja með.

2.8 Hljóðbækur

Starfshópurinn fjallaði um útgáfu hljóðbóka og Hljóðbókasafn Íslands. Lögbundið hlutverk Hljóðbókasafnsins er að sjá þeim fyrir hljóðrituðu efni sem ekki geta nýtt sér venjulegt letur. Til þess að fá aðgang að safnkosti þarf að sýna fram á að viðkomandi sé prentleturshamlaður.

Eftirspurn eftir hljóðbókum hefur stóraukist á síðustu árum samfara tækniþróun sem gerir lesendum hægara um vik að hlusta á slíkt efni hvar og hvenær sem er. Miklu skiptir að útgáfa og sala hljóðbóka á íslensku þrífist á hinum almenna markaði svo lesendur geti kosið að kaupa eða leigja bækur á því formi.

Starfshópurinn leggur því til að lög um Hljóðbókasafn Íslands verði endurskoðuð, með sérstöku tilliti til eftirfarandi atriða:

- Tryggt verði með tæknilegu fyrirkomulagi útlána að efni frá Hljóðbókasafni komist ekki í ólöglega dreifingu, en slík dreifing brýtur á rétthöfum og hamlar einnig vexti á almennum hljóðbókamarkaði.
- Komið verði á samkomulagi milli bókaútgefenda og ríkisins f.h. Hljóðbókasafnsins um samnýtingu á verkum sem gefin eru út á hljóðbók fyrir almennan markað. Æskilegt er að Hljóðbókasafn Íslands kaupi þau verk af útgefendum en framleiði ekki sérstaklega. Þannig væri traustari stoðum rennt undir útgáfu hljóðbóka á almennum markaði án þess að aðgengi prentleturshamlaðra að hljóðrituðu efni skerðist.
- Útlán Hljóðbókasafns Íslands verði felld undir aðrar greiðslur fyrir útlán á bókasöfnum enda fellur safnið undir bókasafnalög og lög um bókmenntir gera ráð fyrir að greitt sé „fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, sem eru rekin á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga“. Útlánagreiðslur skerði á engan hátt sanngjarnar bætur til höfunda fyrir aðlögun Hljóðbókasafnsins á útgefnum verkum höfunda til notkunar fyrir þá sem ófærir eru um að lesa prentað mál.

Heimildaskrá

Félag íslenskra bókaútgefenda. Bókmenningarstefna. Óútgefin. 2016.

Freyja Birgisdóttir. „Orðforði og lestrarfærni. Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA.“ Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun (2016). http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (afnám bóskatts).

Hagstofa Íslands. Verðlagsreiknivél, miðað er við 1. janúar 2008 og október 2017.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. „Málproski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs.“ Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun (2015). <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. „Sko ég get alveg lesið, en ég nenni ekki að lesa.“ Lestraráhugi drengja og leiðir kennara til að efla áhuga nemenda sinna á lestri. Meistararitgerð. Háskólinn á Akureyri, 2014. <https://skemman.is/handle/1946/18724>

